

Mánudaginn 15. desember 1975.

Nr. 148/1974. **Bæjarstjórn Akureyrar f. h.**

Akureyrarkaupstaðar

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Pálma Geir Jónssyni og gagnsök

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. september 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. október 1974. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 5.965.839 krónur með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1970 til 15. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Gagnáfrýjanda hefðu ekki átt að dyljast raftaugar þær, sem lágu yfir vinnusvæðið, og hvers eðlis þær voru, og það því fremur sem spennistöðin blasti við í næsta nágrenni. Gagnáfrýjandi hafði á hendi alla stjórn bifreiðarinnar og lyftiarms hennar, og bar honum að athuga gaumgæfilega allar aðstæður á vinnustaðnum og sýna sérstaka aðgæslu við verk sitt. Mjög þykir hafa á það skort. Verður hann því að bera meginhluta tjóns síns sjálfur.

Verkstjórnarmenn aðaláfrýjanda vöktu ekki athygli gagnáfrýjanda á raftaugunum eða vöruðu hann við hättunni, sem var því samfara, ef lyftiarmur bifreiðarinnar snerti þær. Var það vangæsla af hálfu verkstjórnarmanna að ganga ekki

úr skugga um, að gagnáfrýjanda væru ljósar hinar hættulegu aðstæður á vinnustað, og ber aðaláfrýjandi því að nokkru fébótaábyrgð á því tjóni, sem af hlaust.

Pegar öll atvik málsins eru virt, þykir hæfilegt að dæma aðaláfrýjanda til að bæta gagnáfrýjanda tjón hans að einum þriðja hluta.

Í héraðsdómi er lýst meiðslum gagnáfrýjanda og afleiðingum þeirra svo og áætlunum tryggingafræðings á tjóni gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku hans af völdum slyssins. Þegar allt þetta er virt og annað það, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að ákveða fjárhagslegt tjón gagnáfrýjanda 3.400.000 krónur, og hefur þá verið dregið frá áætlað verðmæti dagpeninga og örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins.

Tjón gagnáfrýjanda vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum þykir hæfilega ákveðið 500.000 krónur.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda í heild 3.900.000 krónur. Ber aðaláfrýjanda að bæta honum þriðjung þess, eða 1.300.000 krónur, með vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 330.000 krónur.

Mál þetta var upphaflega flutt og dómtekið á bæjarþingi Akureyrar 28. maí 1974, en héraðsdómari endurupptók það hinn 11. júlí s. á. í því skyni, að meðdómendur yrðu kvaddir til að sitja í dómi. Var málið síðan flutt að nýju og dómtekið samdægurs.

Héraðsdómara var eigi rétt að endurupptaka málið af framangreindri ástæðu.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrar-kaupstaðar, greiði gagnáfrýjanda, Pálma Geir Jónssyni, 1.300.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1970 til 15 maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 330.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Akureyrar 2. ágúst 1974.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 28. maí sl., endurupp-
tekið og dómtekið á ný þann 11. f. m., hefur Pálmi Geir Jónsson,
Oddeyrargötu 23, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar
með stefnu, birtri 27. september 1973, á hendur bæjarstjórn Akur-
eyrarkaupstaðar.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða
honum skaðabætur að fjárhæð kr. 6.550.664 með 7% ársvöxtum
af þeirri fjárhæð frá 13. júlí 1970 til 15. maí 1973 og 9% árs-
vöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og máls-
kostnað að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning lækkaði umboðsmaður stefnanda
stefnukröfur um kr. 584.825, en gerði að öðru leyti sömu kröfur
og í stefnu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum
stefnanda í málinu og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að
skaðlausu eftir mati dómsins.

Sáttaumleitanir í málinu báru ekki árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að mánudaginn 13. júlí 1970 var unnið við
það á vegum stefnda að koma fyrir steiptum skólppípum í skurði,
sem hafði verið grafinn í sunnanvert Þingvallastræti á Akureyri.
Lá skurðurinn eins og gatan, frá austri til vesturs. Byrjað var að
leggja pípunar daginn áður austast í skurðinum, og var haldið
vestur hann.

Skólppípunar voru 16" í þvermál, einn metri á lengd og 300
kg að þyngd. Til flutnings þeirra að skurðinum var notuð vöru-
bifreiðin A 166, af gerðinni Scania Vabis. Átti stefnandi bifreið-
ina, og ók hann henni sjálfur. Bifreið þessi er búin lyftikrana,
sem komið er fyrir á milli stýrishúss og vörupalls. Stjórnteki
kranans eru utan stýrishúss, og er þeim komið fyrir á vinstri
hlið bifreiðarinnar við lyftikranann í um 1½ metra hæð frá
jörðu. Armur lyftikranans er þannig búinn, að hægt er að lengja
hann nokkuð, og var hann í lengstu stöðu, þegar verkið var unnið.
Lyftibúnaður þessi var notaður til þess að afferma bifreiðina og

koma pípunum niður í skurðinn. Var það gert í tveimur áföngum. Á vörupallinum var öðrum armi U-laga járnstungi inn í víðari pípuendann, en á enda hins armsins var festing, sem krækt var í krók á vírtaug, en í lykkju á hinum enda þeirrar taugar var krækt í krók, sem festur var við enda kranaarmsins. Með þessum útbúnaði var pípunni lyft af vörupallinum og hún látin síga niður á skurðbakkann við hlið bifreiðarinnar aftanverða. Vegna þess hve skurðurinn var djúpur, var þá lengt í tauginni, um leið og gúmmípétting var fest í annan enda pípunnar. Notaður var langur kaðall til þess að lengja taugina, og var lykkju á öðrum enda hans krækt í krókinn á enda kranaarmsins, en krók á hinum enda hans krækt í áðurnefnda lykkju á tauginni, sem U-járnið hékk í.

Stefnandi stjórnaði lyftibúnaðinum sjálfur og stóð þá við vinstri hlið bifreiðarinnar á milli skurðs og bifreiðar, en bifreiðin var norðan við skurðinn og sneri í vestur. Honum til aðstoðar var verkamaður, sem krækti í pípunar uppi á vörupallinum og kom framlengingartauginni og gúmmípéttingunni fyrir. Hægt var að leggja þrjár eða fjórar pípur í skurðinn án þess að hreyfa bifreiðina, og var hún því færð úr stað við þriðju eða fjórðu hverja pípu og þá um þrjá metra.

Við Þingvallastræti að sunnan er aðalspennistöð Laxárvirkjunar á Akureyri. Frá spennistöðinni lá háspennulína norðvestur yfir Þingvallastræti til Hjalteyrar og Dalvíkur. Strengir línunnar voru þrír og fluttu samtals 30.000 volta rafstraum. Nokkurt bil var á milli strengjanna, og virðast þeir hafa verið í sömu hæð. Fjarlægð frá jörðu og upp í miðstrenginn mældist 7.05 metrar. Nefnd háspennulína var eign Rafmagnsveitna ríkisins, en spennistöðin og öll tæki tilheyrandi henni eru eign Laxárvirkjunar. Rafveita Akureyrar sér um rekstur stöðvarinnar.

Um klukkan 1700 nefndan dag var unnið þar í skurðinum, sem háspennulínan lá yfir hann. Bifreið stefnanda stóð þá 1.10 metra norðan við skurðbarminn. Trébrú, með handriði báðum megin, lá yfir skurðinn á móts við afturhjól bifreiðarinnar, en vestan brúarinnar, þ. e. þeim megin sem framhluti bifreiðarinnar var, voru járngrindur á báðum skurðbökkum um 80 cm háar.

Hlé hafði orðið á affermingu bifreiðarinnar, og beið stefnandi inni í bifreiðinni. Hjá honum var Óli Berg Kristdórsson. Búið var að festa gúmmípéttinguna á pípunna, sem færa átti, og lengja taugina, og hékk pípan í henni við hlið bifreiðarinnar rétt ofan við jörðu. Þegar stefnandi fékk bendingu um að halda verkinu

áfram, fór hann út úr bifreiðinni og brá höndum á stjórnþæki kranans. Hugðist hann lyfta pípunni yfir járngrindina á skurð-bakkanum og láta pípuna síðan síga niður í skurðinn vestan við brúna. Nær samstundis og hann hreyfði stjórnþækin, mun kranararmurinn hafa komið við vestasta háspennustrenginn með þeim afleiðingum, að stefnandi fékk í sig rafstraum og féll til jarðar. Hlaut hann mikil brunasár, einkum á fætur og hendur, eins og nánar verður lýst hér á eftir.

Lögreglulið og sjúkralið var kvatt á vettvang, einnig menn frá Rafveitu Akureyrar og Rafmagnsveitum ríkisins. Að tilhlutan lögreglunnar var ljósmyndari fenginn til þess að taka ljósmyndir af vettvangi. Atvik að slysinu voru síðan rannsökuð fyrir sakadómi Akureyrar. Fulltrúa Öryggiseftirlits ríkisins mun ekki hafa verið tilkynnt um slysið, en skýrsla hans, gerð síðar, hefur verið lögð fram.

Við atvikalýsingu hér að framan hefur verið stuðst við vætti vitna, skýrslu stefnanda og ljósmyndir af vettvangi. Verða vætti vitna fyrir sakadómi nú nánar rakin svo og framburður stefnanda.

Jóhann Ævar Jakobsson lögregluþjónn kom á slysstað ásamt öðrum lögreglumanni, stuttu eftir að slysið gerðist, og voru bruna-verðir þá að bera slasaða í sjúkrabifreið. Í skýrslu sinni lýsir lögregluþjónninn vettvangi, eins og rakið er hér að framan. Hann segir, að kranabóman hafi verið í uppréttri stöðu og snert háspennulínu, er liggur frá spennistöð og norður yfir Þingvallastræti, þegar hann kom á slysstað. Þá getur hann þess, að á kрана bifreiðarinnar sé fótur, sem notaður sé til þess að halda bifreiðinni í skefjum, þegar kraninn er notaður. Fótur þessi gangi niður úr krananum og þrýstist á jörðina með vökvaþrýstingi. Fóturinn hafi ekki verið niðri, þegar hann kom á vettvang.

Í skýrslu sína skráði lögregluþjónninn eftir Óla Berg Kristdórssyni þannig: „Að sögn Óla sátu þeir tveir, Pálmi og hann, inni í bifreiðinni. Skömmu áður en þeir stigu út, gekk Pálmi frá bifreiðinni, en við það rann hún áfram lítið eitt, og við það snerti bóma kranans háspennuvírinn. Þar sem hér er um að ræða háa bifreið, komu þeir ekki við bifreiðina samtímis jörð, er þeir stukku út. Er Pálmi tók á handföngum kranans til að vinna með honum, fékk hann í sig straum og féll til jarðar“. Fyrir sakadómi lýsti nefndur Óli atvikum á annan veg en hér greinir, eins og nánar verður rakið.

Lögregluþjónninn staðfesti skýrslu sína fyrir sakadómi, og voru

honum þá sýndar ljósmyndir, sem teknar voru á slysstað strax eftir slysið, en sömu myndir hafa verið lagðar fram í þessu máli. Gat hann þess þá, að búið hefði verið að slaka bómu kranans niður, áður en ljósmyndirnar voru teknar, en þeir lögregluþjónarnir hefðu með aðstoð verkamanna fært bómuna aftur í þá stöðu, sem hún var í, þegar slysið varð, til þess að unnt væri að taka ljósmyndirnar.

Óli Berg Kristdórsson vélamaður, 24 ára, kvaðst hafa komið að skurðinum laust fyrir klukkan 1700 til þess að moka ofan í hann með skurðgröfu. Hafi þá verið unnið við það að leggja pípur í skurðinn, og átti vitnið að bíða, þar til því verki lyki. Stefnandi hafi verið að koma pípu fyrir í skurðinum með lyftibúnaði bifreiðar sinnar og verkamaður, Gunnar Gunnarsson, hafi sagt stefnanda til um, hvar koma átti pípunni fyrir. Þegar stefnandi hafi lokið við að koma pípunni fyrir, hafi hann kallað á vitnið og þeir farið inn í bifreið hans og rabbað þar saman um stund. Þegar kallað var til stefnanda, hafi hann farið út úr bifreiðinni, en vitnið kvaðst þá hafa fært sig yfir í bifreiðarstjórasetið og horft á stefnanda, þegar hann byrjaði að stjórna krananum. Hafi hann rétt verið búinn að grípa til stjórnþækjanna og hreyfa þau, þegar hann fékk rafstraum í sig. Virtist vitninu, að stefnandi „hyrfi í bláum loga“. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið fyrir rafstraumi og hafi það þegar kastað sér út úr bifreiðinni hægra megin, en hurðin þar muni hafa verið opin. Það kvað stefnanda ekkert hafa hreyft bifreið sína, áður en slysið varð.

Vitnið sagði, að pípan, sem stefnandi ætlaði að lyfta, hafi legið á jörðinni eða hangið í tauginni sem næst jörðu við afturhjól bifreiðarinnar, áður en stefnandi byrjaði að stjórna krananum. Stefnandi hafi orðið að lyfta pípunni yfir járngrindur, sem voru á skurðbakkanum, og muni kranabóman (armurinn) hafa rekist í vírana við það. Vitnið kvaðst halda, að stefnandi hafi ekki þurft að lyfta pípunum yfir járngrindurnar fyrr en í þetta skipti.

Vitnið kvaðst ekki hafa veitt rafstrengjunum athygli fyrir slysið og ekki tekið eftir því, að stefnandi gætti sérstaklega að þeim, þegar hann vann verkið.

Jóhann Aðalsteinsson flokkstjóri, 34 ára, gaf tvívegis skýrslu fyrir sakadómi, fyrst þann 29. júlí 1970. Kvaðst vitnið hafa stjórnað umræddu verki, sem unnið hafi verið á vegum stefnda, og hafi stefnandi unnið undir stjórn þess. Það hafi verið niðri í skurðinum ásamt tveim verkamönnum til þess að undirbúa pípu-

lagninguna og framkvæma síðan verkið. Á skurðbakkanum hafi verið einn verkamaður, Gunnar Gunnarsson, sem leiðbeint hafi stefnanda, er hann lét pípurnar síga niður í skurðinn.

Vitnið lýsti vinnutilhögun á þann veg, sem gert er í málavaxtalýsingu hér að framan, en sagði, að stefnandi hefði ekki haft kranaarminn í lengstu stöðu, þegar hann lyfti pípunum af vörupallinum og lét þau síga niður á skurðbakkann. Hann hafi hins vegar lengt arminn, þegar hann lét pípurnar síga niður í skurðinn, til þess að ná inn yfir hann.

Vitnið kvaðst hafa rætt við stefnanda um hættu af rafstrengjunum, áður en þeir komu að þeim. Hafi stefnandi ekki talið þá verða til trafala, þar eð hann mundi afferma pípurnar báðum megin frá, en ekki fara með kranaarminn upp á milli þeirra. Stefnandi hafi verið að lyfta fyrstu pípunni, eftir að bifreiðin var færð vestur fyrir rafstrengina, þegar slysið varð. Kvaðst það hafa séð, þegar hann byrjaði að lyfta pípunni, en ekki fylgst með því sérstaklega, enda upptekið við sína vinnu. Allt í einu hafi verkamaðurinn, sem var á skurðbakkanum, kallað og hafi þá slysið gerst.

Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að verkamaðurinn, sem aðstoðaði stefnanda, hafi fylgst með því, að kranaarmurinn snerti ekki rafstrengina, og kvaðst ekki hafa sagt honum að gera það.

Vitnið sagði, að hægt hefði verið að lyfta pípunum af vörupallinum og láta þær síga á jörðina við framenda bifreiðarinnar, áður en kranaarmurinn var lengdur. Þá hefði ekki þurft að lyfta kranaarminum eins hátt í námunda við rafstrengina.

Hilmar Henry Gíslason, yfirverkstjóri stefnda, 34 ára, kvaðst hafa haft á hendi yfirverkstjórn á staðnum, en flokkstjórinn, Jóhann Aðalsteinsson, stjórnaði framkvæmd verksins í smáatriðum. Kvaðst það hafa komið oft á vinnustað og litið á verkið. Slysdaginn hafi það komið þangað nokkrum sinnum og síðast um klukkan 1630 og þá staldrað við stutta stund. Hafi bifreið stefnanda þá verið austar en þegar slysið varð. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt háspennustrengjunum sérstaka athygli og því ekki varað stefnanda eða flokkstjórann við þeim. Það kvaðst hafa fyrirskipað mönnunum, sem unnu í skurðinum, að nota hjálma við vinnuna af hættu á grjóthruni úr bökkum skurðarins.

Vitnið sagði stefnanda starfandi vörubifreiðarstjóra á Vörubifreiðastöðinni Stefni. Hafi það ávallt reynt að fá hann með bifreið sína til vinnu, þegar unnið hafi verið að verkefnum eins

og því, er um var að ræða. Hafi stefnandi verið orðinn þauvanur við slík verk. Stefnandi hafi verið ráðinn á venjulegum taxta vörubifreiðarstjóra á eigin bifreiðum.

Gunnar Jóhann Gunnarsson verkamaður, 15 ára, aðstoðaði stefnanda við affermingu bifreiðarinnar. Lýsti vitnið vinnutilhögun og atvikum að slysinu, eins og rakið er í málavaxtalýsingu hér að framan. Vitnið kvaðst hafa staðið á trébrúnni, sem lá yfir skurðinn, og horft á stefnanda við verk sitt. Vitnið tók fram, að í þann mund, sem slysið varð, hafi kona með barnavagn komið að brúnni og spurt, hvort hún kæmist þar yfir. Muni stefnandi hafa litið til konunnar, en um leið hafi slysið orðið.

Vitnið kvaðst áður hafa tekið eftir því, að kranaarmurinn var mjög nærri háspennulínunni, og taldi, að stefnanda hafi einnig verið það ljóst, enda hafi hann verið búinn að vinna með krananum undir eða við austari strenginn. Það tók fram, að járngrindur hafi ekki verið á skurðbakkanum austan brúarinnar og hefði því ekki þurft að lyfta pípunum eins hátt þar.

Vitnið kvaðst ekki hafa fengið fyrirmæli um að leiðbeina stefnanda við verk hans. Það hafi og aldrei sagt honum neitt til, enda hafi hann séð vel til frá þeim stað, þar sem hann stóð við kranann.

Svanbjörn Sigurðsson raftæknifræðingur, starfsmaður Rafveitu Akureyrar, kom á slysstað, skömmu eftir að stefnandi hafði verið fluttur á brott í sjúkrabifreið. Sagði vitnið, að kranaarmurinn hafi þá snert vestasta háspennustrenginn og verið á milli hans og miðstrengsins. Hafi kranaarmurinn ýtt línunni til vesturs um 50 cm.

Karl J. Kristjánsson lögregluþjónn og Ásgrímur Tryggvason, rafmagnseftirlitsmaður Rafmagnsveitna ríkisins, mældu hæð háspennulínunnar frá jörðu. Í skýrslu þeirra segir: „Samanstendur raflína þessi af þremur strengjum, sem virðast vera í sömu hæð frá jörðu. Mældum við hæð undir miðstreng, þar sem bifreiðin A 166 er talin hafa staðið, er umrætt slys varð, og var hæðin þar 7.05 m. Var það um 18 m sunnan við næsta staur“.

Ásgrímur Tryggvason gaf skýrslu fyrir sakadómi og sagði, að starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins hafi ekki verið kunnugt um, að unnið væri með kranabifreið í nánd við háspennulínuna.

Stefnandi gaf fyrst skýrslu fyrir sakadómi þann 7. október 1971. Lýsti hann vinnutilhögun, eins og rakið er í málavaxtalýsingu. Hann sagði, að ekkert hafi verið rætt við sig um, að hætta gæti stafað af háspennustrengjunum. Sjálfur hafi hann ekki hugað að

strengjunum. Hann hafi þurft að fylgjast með pípunni, sem hann var að lyfta hverju sinni, og þess vegna muni hann ekki hafa tekið eftir strengjunum. Gunnar Jóhann Gunnarsson hafi stundum sagt sér til, þegar hann lét pípu síga niður í skurðinn og sá ekki til botns vegna fjarlægðar bifreiðarinnar frá skurðinum.

Hann kvaðst hafa ætlað að láta pípu síga niður vestan við áðurnefnda brú samkvæmt ósk flokkstjórans, þegar slysið varð. Hafi það verið fyrsta pípan, sem þar átti að fara. Hann mundi ekki, hvort hann hafði slakað pípu niður austan við brúna, á meðan bifreiðin stóð eins og þegar slysið varð. Hann hafi þurft að lyfta pípunni hærra en venjulega vegna járngrindarinnar á skurðbarminum og brúarinnar yfir skurðinn. Hann mundi ekki í hvaða hæð pípan var komin, þegar hann fékk rafstrauminn í sig, en sagðist hafa verið rétt byrjaður að lyfta henni.

Stefnandi kvaðst hafa verið vanur að vinna áþekk verk og hafa oft unnið þau hjá stefnda.

Stefnandi taldi, að hægt hefði verið að afferma bifreiðina með öðrum hætti en gert var. Hafi verið mögulegt að lyfta pípunum af vörupallinum, láta þær síga niður á jörðina til hliðar við framenda bifreiðarinnar, lengja í tauginni og slaka pípunum síðan niður í skurðinn. Hann sagði, að óþægilegra hefði verið að vinna verkið þannig vegna stöðu stjórnstækja kranans og væri sjaldan unnið á þann hátt með lyftitækjunum.

Jóhann Aðalsteinsson flokkstjóri og stefnandi komu aftur fyrir sakadóm þann 18. janúar 1972, og þá m. a. til samprófunar.

Vitnið Jóhann ítrekaði þá, að það hafi sagt Gunnari Jóhanni að aðstoða stefnanda við verkið. Hafi það ætlast til þess, að hann segði stefnanda til, þegar hann léti rörin síga niður, ef stefnandi gat ekki séð niður í skurðinn vegna stöðu sinnar á skurðbakknum.

Vitninu var kynnt synjun stefnanda fyrir það, að það hafi rætt við hann um hættu, sem stafað gæti af háspennustrengjunum. Sagði vitnið, að vinnuflokkur þess ásamt stefnanda hafi oft unnið við sams konar aðstæður og þarna voru og hafi stefnandi þá verið varaður við hættunni. Hafi yfirverkstjórinn, Hilmar Gíslason, brýnt fyrir þeim þessa hættu í þau skipti. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort hann hafi gert það sérstaklega við þetta verk, og að athuguðu máli var vitnið ekki visst um, að nokkuð hafi verið rætt um hættuna eða eftir henni tekið. Taldi vitnið fyrri framburð sinn um þetta geta stafað af því, að venjulega hafi verið rætt um hættuna við sams konar kringumstæður.

Þá taldi vitnið, að vel gæti verið, að kranaarmurinn hafi alltaf verið í lengstu stöðu, á meðan verkið var unnið, en taugin úr honum hafi hins vegar verið framlengd.

Stefnandi kvaðst muna, að kona hafi komið að göngubrúnni með barnavagn, stuttu áður en slysið varð, og spurt, hvort hún mætti fara yfir. Hafi hann beðið hana að bíða, þar til hann væri búinn að lyfta pípunni yfir brúna. Þetta atvik hafi ekki truflað sig við stjórn kranans.

Stefnandi sagðist ekki minnst þess að hafa unnið undir vírum eða við sams konar kringumstæður í önnur skipti. Hann hafi því aldrei verið varaður við umræddri hættu. Hins vegar hafi hann oft verið varaður við því að fara tæpt á skurðbakkanum vegna hættu, sem stafað gæti af hruni hans.

Við sampröfun stefnanda og vitnisins ítrekaði stefnandi, að hann minntist þess ekki að hafa unnið undir línunum áður. Það gæti þó verið, en í öllu falli hafi ekki verið um sams konar aðstæður að ræða. Umræddur skurður hafi verið óvenju djúpur og þess vegna hafi þurft að hafa kranaarminn eins langan og hægt var, en þess hafi ekki þurft venjulega.

Vitnið kvaðst oft hafa unnið í skurðum undir línunum, að vísu ekki háspennulínunum, og þar sem stefnandi hafi oft unnið með sér, hafi það talið víst, að hann hafi einnig unnið við þær aðstæður. Það tók fram, að aðstæðurnar við spennistöðina hafi verið mun hættulegri en annars staðar, bæði vegna háspennulínunnar og dýptar skurðarins, en fyrir þá sök hafi þurft að sveifla bómunni hærra en ella.

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu í málinu. Sagði hann, að bifreið sín hafi ekki færst til fyrir slysið og kranaarmurinn rekist í háspennustrenginn við það. Hann hafi verið búinn að lyfta pípunni og snúa krananum, þegar hann fékk rafstrauminn í sig. Kranaarmurinn hafi yfirleitt verið niðri á vörupallinum, þegar bíllinn var færður til.

Hann sagði, að stuðningsfótur á krana bílsins hafi ekki numið við jörðu, þegar slysið varð. Fóturinn sé notaður til þess að styðja við bílinn, þegar þungum hlutum sé lyft. Hann hafi oft notað fótinn við þetta verk, en ekki alltaf.

III.

Stefnandi heldur því fram, að slysið verði rakið til vangæslu þeirra starfsmanna stefnda, sem sjá áttu um framkvæmd skólp-lagnarinnar, þar eð þeir hafi ekki gætt tilskyldra varúðarreglna

við vinnu undir háspennuraflögn. Samkvæmt reglum um vinnu við háspennuvirki, tilkynning Rafmagnseftirlits ríkisins 5. febrúar 1960, skuli taka spennu af háspennuhafahlutum, ef vinna þurfi hættulega nálægt þeim. Sé það ekki gert, skuli sá, sem ábyrgð ber á verkinu á vinnustað, gefa starfsmönnum nauðsynlegar upplýsingar um þá hættu, sem er samfara vinnunni, áður en vinna hefst. Vinnuna eigi að framkvæma undir stöðugri gæslu einhvers, sem kunnugur er háspennuvirkinu. Stefnandi hafi lotið stjórn starfsmanna stefnda um vinnustað og vinnutilhögun og framkvæmt verkið á hans ábyrgð. Beri stefndi því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi verið sjálfstæður atvinnurekandi við verkið. Hann hafi ekið eigin bifreið og haft óskorað forræði yfir henni og tækjabúnaði hennar bæði í akstri og við notkun. Afskipti starfsmanna stefnda af framkvæmd stefnanda á þeim þætti verksins, er hann tók að sér, hafi verið fólgin í því að benda stefnanda á fermingarstað, hvaða farm hann ætti að taka þar, hvar hann ætti að afferma bifreiðina og jafnframt hvar á affermingarstað hann ætti að skila af sér hverri einingu farmsins. Um framkvæmd einstakra þátta í þeirri þjónustu, sem stefnandi átti að láta stefnda í té, hafi stefnandi haft algert forræði svo og veg og vanda, þ. á m. refsí- og skaðabótaábyrgð, ef út af hefði brugðið um akstur bifreiðarinnar og notkun tækjabúnaðar hennar.

Þá er því haldið fram, að stefnanda hafi sem atvinnurekanda og verktaka borið að rækja á eindæmi sitt og án sérstakra afskipta stefnda ákveðnar og brýnar varúðarskyldur, sem á honum hvíldu sérstaklega vegna þess tækjabúnaðar, sem hann réð yfir og stjórnaði sjálfur.

Starfsmenn stefnda hafi ekki haft tilefni til að beina athygli sinni að háspennulínunni, enda hafi framkvæmd verksis af þeirra hálfu á engan hátt snert hana.

Enginn nauður hafi rekið stefnanda til þess að setja sig í þá hættu, sem raun ber vitni. Hann hafi ekki þurft að hafa krana-bómuna stöðugt í fullri lengd til þess að koma verkinu fram og hafi hann farið ranglega og óvarlega að í þessu efni miðað við aðstæður. Enn fremur hafi verið alger óþarfi fyrir stefnanda að staðsetja bifreiðina yfirleitt undir háspennulínunni. Þá hafi það verið stefnanda nærtækast að færa til járngrindurnar á skurðbarminum eftir þörfum. Stuðningsfótur kranans, sem eigi að vera mótvægi, hafi verið í lausu lofti. Sé greinilega um vanrækslu

stefnanda að ræða í þessu efni, sem ástæða sé til að ætla, að kunni að hafa átt þátt í slysinu.

Loks er því haldið fram, að tilvitnanir stefnanda í reglugerð um raforkuvirki og tilkynningar frá Rafmagnseftirliti ríkisins eigi hér ekki við. Þar sé greinilega fyrst og fremst um að ræða starfsreglur fyrir þá menn, er vinna á rafstöðvum, raforkuverum og spennistöðvum og áþekktum vettvangi.

IV.

Dómurinn telur upplýst, að slysið hafi gerst með þeim hætti sem rakið er í málavaxtalýsingu og þannig, að kranaarmurinn hafi fyrst snert háspennustrenginn, eftir að stefnandi greip um stjórnþæki kranans og byrjaði að lyfta pípunni.

Svo sem lýst er hér að framan, starfaði stefnandi á Vörubifreiðastöðinni Stefni, og átti hann sjálfur kranabifreiðina A 166. Réð yfirverkstjóri stefnda hann til verksins, og fékk hann greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá vörubifreiðarstjóra.

Af gögnum málsins verður ráðið, að það verk, sem stefnandi annaðist, var einungis lítill hluti þess verks, sem stefndi vann að, og telst hafa verið ósjálfstæður þáttur í því. Þannig naut stefnandi aðstoðar og leiðbeininga starfsmanna stefnda við verk sitt og þykir hafa lotið verkstjórn verkstjóra og flokksstjóra stefnda.

Samkvæmt þessu verður ekki litið svo á, að stefnandi hafi verið sjálfstæður verktaki við umrætt verk, þótt fallast megi á, að hann hafi haft forræði um akstur bifreiðar sinnar og notkun tækjabúnaðar hennar.

Eins og málið liggur fyrir, virðist mega rekja slysið til þess, að hvorki verkstjórar stefnda né stefnandi hafi vitað um háspennustrengina, sem lágu yfir vinnusvæðið, eða að þeir hafi ekki gefið gaum að þeirri hættu, sem af strengjunum stafaði. Ósannað er, að flokksstjóri stefnda hafi varað stefnanda við hættunni, og sýnt er, að engar varúðarráðstafanir voru gerðar af hálfu stefnda til þess að draga úr því hættuástandi, sem skapaðist, þegar unnið var með kranabifreið undir eða í námunda við háspennustrengina. Þótt fallast megi á það með stefnda, að tilkynning Rafmagnseftirlits ríkisins nr. 32 frá 5. febrúar 1960, sbr. nú reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971, kafla 3, 2. gr. 490, eigi ekki beinlínis við hér, verður talið, að verkstjórar stefnda hafi átt að vita um háspennustrengina og þeim borið að gefa stefnanda upplýsingar

um þá hættu, sem af þeim stafaði, og eftir atvikum gera ráðstafanir til þess að draga úr þeirri hættu eða koma í veg fyrir, að hættuástand skapaðist, sbr. meginreglu 5. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Telur dómurinn, að í sjálfu sér hafi verið auðvelt að haga verkinu á hættusvæðinu á annan og hættulausan veg, t. d. með því að láta rörin síga niður í skurðinn með handafli, þótt gera megi ráð fyrir, að verkið hefði unnist hægar með þeim hætti. Loks þykir mega hafa í huga, þótt ekki hafi verið reifað í málinu, að sýnt er, að unnið hafði verið á vegum stefnda undir háspennustrengjunum með tækjum, þegar skurðurinn var grafinn, og verður að gera ráð fyrir, að þá hafi skapast svipað hættuástand og þegar slysið varð.

Svo sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn, að verkstjórar stefnda hafi ekki sýnt næga aðgæslu við framkvæmd og stjórn verksins, þannig að slysið og tjón stefnanda megi að nokkru rekja til þess aðgæsluskorts þeirra. Af þessum ástæðum er stefndi skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem af slysinu hlaut.

Óumdeilt er, að stefnandi hafði reynslu að baki af notkun oftnefndrar kranabifreiðar, og samkvæmt frásögn yfirverkstjóra stefnda var hann þess vegna ráðinn til starfsins. Mátti stefnanda því vera ljóst, hvað bar að varast til þess að forðast slys á mönnum og skemmdir á munum eða mannvirkjum af notkun kranans. Þótt ósannað sé, að stefnandi hafi vitað um, að háspennustrengir lágu yfir bifreið hans, átti hann að vita um strengina og eftir öllum kringumstæðum mátti honum jafnframt vera ljóst, að um háspennustrengi var að ræða. Jafnframt hefði honum borið að gæta ítrustu varkárni, þegar hann vann í námunda við strengina. Eins og rakið er í málavaxtalýsingu, varð hlé á affermingu bifreiðarinnar fyrir slysið. Sýnist stefnandi þá hafa haft tækifæri til þess að athuga allar aðstæður og gera varúðarráðstafanir, áður en hann hélt verkinu áfram.

Samkvæmt framangreindu þykir stefnandi alls ekki hafa sýnt þá aðgæslu við starf sitt, sem búast mátti við af honum, þótt dómurinn telji, að hann hafi að öðru leyti unnið verk sitt á eðlilegan hátt. Á stefnandi því einnig sök á tjóni sínu, og eftir atvikum þykir rétt að skipta sök þannig, að stefndi bæti tjón hans að hálfu, en sjálfur beri hann það að hálfu.

V.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón kr. 5.550.644

÷ dagpeningar Tryggingarstofnun-	
ar ríkisins	kr. 75.148
÷ örorkulífeyrir	— 509.677 kr. 584.825

 Kr. 4.965.819

2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti . . . — 1.000.000

 Kr. 5.965.819

Samkvæmt kröfugerð stefnanda er stefnufjárhæð kr. 20 hærri en sundurliðun á kröfum hans sýnir.

Um 1.

Stefán Guðnason læknir hefur metið örorku stefnanda. Í matsgerð hans, dagsettri 17. febrúar 1972, segir m. a.:

„Slasaði varð fyrir háspennntum rafstraumi við vinnu sína og var fluttur tafarlaust í F.S.A., þar sem hann dvaldi til 24/7 1970, er hann var fluttur í Landspítala, þar sem hann dvaldi til 10/12 1970 vegna afleiðinga þessa slyss.

Fyrir liggur vottorð frá F. S. A., Handlæknisdeild, dags. 20/4 1971, svohljóðandi:

„Vegna Pálma Geirs Jónssonar, f. 28/3 1946, Oddeyrargötu 23, Akureyri. Kom á F.S.A. 13/7 1970. Hann flytzt á H.deild Landspítalans skv. viðtali við Árna Björnsson þann 24/7 1970.

15/7 1970: Aðgerð: Sjúklingur fékk í gegnum sig háspennu-straum. Á höndum hefur hann nokkrar litlar, en mjög djúpar necrosur, þó virðast allar tauga- og sinafunctionir vera eðlilegar. Ástæða virðist því vera til að ætla, að hann geti fengið full not af höndum sínum í framtíðinni. Fæturnir eru öllu verr farnir. Fjórar laterölu tærnar á hægri fæti virðast vera algjörlega steikt- ar og einnig stór hluti af ristinni á hægri fæti. Á vinstra fæti er það stóra táin, sem hefur farið verst út úr því. Einnig eru all- stórar blöðrur á báðum ristum og einnig á iljum. Augljóst er, að maðurinn kemur til með að missa talsvert af tám og stóra húð- secta á báðum fótum. Það er erfitt að segja í dag, hvað verður líf- vænlegt, og hvað ekki, og þess vegna ákveður maður að með- höndla sjúkling konservatívt og bíða eftir því, að demarkations- línur komi fram. Seinna verður nauðsynlegt að klippa burt dauða- vefi, láta sárin hreinsa sig og síðan transplantera. Augljóst vanda- mál í dag er þó, að armbandsúrið á vinstri hendi hefur brennt hringlaga necrosu í húðina, sem herpir saman og stasar, og komið

hefur allmikið oedem á vinstri hendi. Því er í dag, þ. 15/7 '70, gerð excision af necrosu á vinstri framhandlegg.

Maður sker burt þessa hringlaga necrosu, sem virðist aðeins vera bundin við húðina. Það virðist þegar í stað sem stasaáhrifum sleppi. Maður leggur vaselíngrisju og umbúðir og hengir handlegginn í lyfti fyrsta dægrið.

21/7 1970: Augljóst mun nú vera, að nokkur infection mun vera komin í sárið. Rétt þykir nú að athuga þetta allt saman og þá helzt í svæfingu. Því er í dag, þ. 21/7 1970, gerð skipting umbúða og sérarecisio á v. handlegg og fótum.

Fyrst er skipt á vinstri handlegg. Sárið er hreint og granulerandi. Síðan er litið á fætuna. Augljóst er, að þegar verður að amputera fjórar laterölu tærnar á hægra fæti og stóru tána á vinstra fæti. Sennilega verður að klippa burtu allmikið af húð á báðum ristum. Þó eru demarkationslínurnar ekki nógu greinilegar ennþá til þess að maður vilji leggja í þetta í dag. Maður lætur sér því nægja í dag að klippa burtu allar blöðrur og laust skinn, sem maður sér. Tekið er í næmispróf frá grefti í blöðrunum. Settar umbúðir á fætuna og vaselíngrisjur, sem skipta ber um tvisvar á dag.

Rannsóknir 14/7 1970: Protein 6,9 g%, Cl. 108, K. 48, Na. 145. Sökk 18 mm, Hb. 15.8. Hvít blk. 14.850, H. crit 47 vol. %, þvag pH, 5,0, AS ÷, Microscopia: rauð 0—1, hvít 0—1. 1—2 cyl.

Næmispróf úr sárum: St. coccus aureus næmur fyrir Pencillini, erythromycini, ampicilini, methicilini og kanamycini.

Sjúklingur var settur á inj. pencillini 2 millj.×4“.

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 13/3 1970. Slysa- og sjúkrasaga hans er nánast samhljóða því, sem áður er skráð. Skoðun leiðir eftirfarandi í ljós. Hægri fótlimur: Fótinn vantar neðan miðs leggjar. Var numinn burtu. Hann gengur á bráðabirgðagervifæti. Vinstri fótlimur: Það vantar I., II. og III. tá, sem teknar voru af. Það eru brunaör á rist og il, og er húðin yfir þeim bláleit og þunn, en þetta er nánast gróið, þótt enn þurfi að hafa umbúðir til hlífðar, þar eð húðin þolir ekkert hnjask. Hægri handlimur: Það eru brunaör á þumalfingeri og vísifingri, einnig lófamegin á framhandlegg. Slasaði getur svo sem ekkert beygt þumalfingerinn. Baugfinger er dálítið boginn og réttist ekki alveg í fremsta lið. Vinstri handlimur: Það er breitt hringör fyrir ofan úlnlið og einnig langör. Skyndtruflun er í I. til III. fingri, hita-, kulda-, snerti- og sársaukaskyn er truflað. Slasaði kom á ný til undirritaðs 3/9 1971. Ástand er nánast óbreytt. Slasaði hefur feng-

ið nýjan gervifót, en ekki er enn fengin reynsla fyrir, hvernig hann reynist. Slasaði vinnur nú með skurðgröfu vaktavinnu á móti öðrum frá því 1/7 1971.

Fyrir liggur vottorð Árna Björnssonar læknis, Rvík, dags 25/10 1971, svohljóðandi:

„Pálmi Geir Jónsson, f. 28/3 1946, til heimilis að Oddeyrar-götu 23, Akureyri, var lagður inn á handlæknisdeild Landspítalans hinn 24/7 1970 vegna afleiðinga þess, að hann hafði brennst á háspennustraumi hinn 13. s. m.

Við skoðun er ástandi lýst þannig: Hringlaga brunasár á vinstri úlnlið, og hefur verið hreinsað upp úr því sári. Rétt ofan við þetta sár var alldjúpt gat, ca 3 cm í þvermál, og nær það greinilega inn í vöðva. Á hægri hendi eru brunasár á þumalfingri frá miðjum proximal phalangs og fram á góm, og er þar greinilega um djúpan bruna að ræða. Þá eru djúp brunasár á gómi löngutangar og baugfingurs, en lítið grunnt brunasár radíalt á litlafingri. Brunasár eru einnig á framhandleggnum, en þau virðast grunn. Á fótum er ástand þannig, að á hægri fæti er húðin á dorsum pedis og upp fyrir ökla greinilega brunnin og necrotisk, og allar tær nema stóratá eru gangrenusar. Drepið eða sárið nær rétt yfir á tábergið, og auk þess er grunnt sár, ca 2×3 cm í þvermál, á ilinni. Brunasárið nær yfir á öklann og aftur fyrir hann, og þar að auki er djúpt brunasár yfir Achilliessininni. Talsverð infection er í kringum þetta sár og sellolitis, en ekki áberandi oedem í kálfanum sjálfum eða fótleggnum. Vinstra megin er stóra táin gangrenos, auk þess önnur tá og hluti af þeirri þriðju, og nær gangrenið þar upp undir öklann dorsalt, en auk þess er djúpt sár undir táberginu sjálfu, ca 3×4 cm í þvermál. Hinn brenndi vefur virðist, að minnsta kosti hvað húðina snertir, vera allvel afmarkaður. Meðan slasaði var hér á sjúkrahúsinu, voru gerðar á honum eftirfarandi aðgerðir: Hinn 27/7 1970 var gerð revisio ambustione, en þá voru brunasárin hreinsuð og metatarsalbein II.—V. amputeruð ásamt tilheyrandi tám. Stóra táin og II. og III. tá á vinstra fæti voru amputeraðar, en að öðru leyti voru aðallega hreinsaðar upp og skafnar burtu necrosur. Hinn 4/8 var gerð redressatio, og þ. 13/8 var gerð amputatio cruris dx. um það bil 15 cm neðan við hnéliðinn, þar eð sjúklingur hafði greinilega sepsis einkenni frá þeim fæti, og gangren hafði breiðst út. Hinn 29/10 var síðan gerð transplantatio cutis, og hinn 4/11 1970 var gerð krossfingurs flipaplastic og húðtransplantatio, og hinn 23/11 1970 var tekinn sundur krossfingursflipi.

Slasaði útskrifaðist síðan til Akureyrarspítala hinn 10/12 1970. Við brottförina er ástandi lýst þannig: 24 ára gamall karlmaður, sem lagður er inn vegna afleiðinga af miklum rafmagnsbruna. Var um að ræða djúpan rafmagnsbruna á fótum og höndum. Á meðan sjúklingur lá hér, var gerð excisio á brunasárunum. Amputatio á I., II. og III. tá á vinstra fæti og amputatio á hægri crus, en auk þess var gerð aðgerð til þess að laga hægri þumal-fingur vegna brunans. Sjúklingur hefur nú fengið gervifót og sérstakan skó til að ganga á, og virðist hann fara vel á stað. Ekki er hægt enn að segja um, að hve miklu leyti sjúklingur verður endurhæfður til síns fyrra starfs“.

Ályktun: Það er um að ræða 25 ára gamlan bílstjóra, sem slasaðist við vinnu sína fyrir 1 ári og 3½ mánuði. Hann hlaut mikinn bruna af háspennntum rafstraumi á öllum útlimum.

Hann dvaldi í sjúkrahúsum samfleitt í 5 mánuði af þessum sökum.

Slasaði var talinn óvinnufær í tæpt ár frá slysdegi, og eftir það telst starfsgeta hans mikið skert varanlega.

Varanlegar afleiðingar slyssins eru þær, að slasaði hefur misst hægri fót um 15 cm neðan við hné og I., II. og III. tá vinstri fótár. Auk þess eru 2 fingur á hægri hendi bæklaðir, skyndtruflun á I.—III. fingri vinstri handar, og nokkur brunaör hefur hann til бага og óþæginda að ótöldum lýtum.

Ekki er gert ráð fyrir frekari bata en fenginn er á afleiðingum slyssins, og þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

Frá slysdegi í 1 ár	100%
Eftir það varanlega	60%“.

Á grundvelli þessa örorkumats áætlaði Þórir Bergsson tryggingafræðingur örorkutjón stefnanda, fyrst þann 28. febrúar 1972. Í þeirri álitserð hans segir m. a.: „Pálmi er sagður fæddur 28. marz 1946 og hefur því verið 24 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Pálma árin 1968—1970 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1967	kr. 285.275.55
— 1968	— 263.776.00
— 1969	— 359.965.50

Tekna þessara hefur Pálmi aflað sem vörubílstjóri á eigin bílum.

Ég hef umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á 6. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar fram til 1. des. 1971 og síðan samkvæmt 4. taxta Dagsbrúnar, en sá taxti gildir fyrir stjórn vörubíla — 7 til 12 tonna. Reiknað er með þeim breytingum, sem þegar er samið um og koma til framkvæmda 1. júní n. k. og 1. marz 1973, svo og hækkun vegna breytinga á vísitölu 1. marz n. k. Ekki er gert ráð fyrir, að stytting dagvinnutímans í 40 stundir á viku valdi hækkun ársvinnutekna, þótt hugsanlegt sé, að sú breyting fjölgi árlegum eftir- og/eða næturvinnustundum.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega vinnutekjutapið sé 60% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið 40% af þeim í 1 ár frá slysdegi“. Áætlaði tryggingafræðingurinn örorkutjón stefnanda vegna tímabundinnar örorku kr. 169.883 og vegna varanlegrar örorku kr. 4.438.868, eða samtals kr. 4.608.751. Síðan segir í álitserð hans:

„Frádráttur.

1. Pálmi hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 21. 7. 1970 til 30. 6. 1971 kr. 77.778.00. Verðmæti þeirra á slysdegi er kr. 75.148.00. Einnig á Pálmi rétt á örorkufé — 70% af fullum örorkulífeyri til 67 ára aldurs. Þessi lífeyrir nemur nú árlega kr. 54.331.00. Verðmæti hans á slysdegi reiknast mér nema kr. 509.677.00.
2. Ekki hefur verið athugað, hver eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps er vegna skattfrelsis bóta.

Athugasemd.

Af skattframtölum sést, að árið 1968 hafa Pálma verið áætlaðar tekjur í viðbót við það, er að framan greinir, kr. 60.000.00, og árið 1969 kr. 50.000.00. Ef þessar upphæðir eru reiknaðar með sem vinnutekjur, verða áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap svo og verðmæti vinnutekjutaps 11.7% hærra en að framan greinir.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Þann 26. ágúst 1973 áætlaði tryggingafræðingurinn örorkutjón stefnanda að nýju og segir í álitserð sinni:

„Í útreikningi, dags. 28. febr. 1972, reiknaði ég út örorkutjón

Pálma Geirs Jónssonar. Síðan hafa orðið mjög miklar hækkanir á kauptöxtum vörubílstjóra, sem annarra stétta, vegna hækkana á kaupgreiðsluvísitölu. Einnig voru vörubílstjórar hækkaðir úr 4. taxta í 5. taxta 8. apríl 1972. Þér æskið því nýs útreiknings á tjóni hans.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður nú, þegar tekið er tillit til hækkana, sem verða 1. sept. n. k.:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 439.710.00	kr. 175.884.00	kr. 263.826.00
2. árið eftir slysið	— 507.966.00		— 304.780.00
3. árið eftir slysið	— 602.143.00		— 361.286.00
4. árið eftir slysið	— 715.005.00		— 429.003.00
Síðan árlega	— 716.796.00		— 430.078.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 169.883.00

Vegna varanlegrar örorku — 5.380.761.00

Samtals kr. 5.550.644.00

Um reiknigrundvöll og aðrar forsendur, sem máli skipta, vísast til fyrri útreiknings“.

Tryggingafræðingurinn áætlaði örorkutjón stefnanda enn þann 4. júní sl. og tók þar tillit til kaupgjaldshækkana, breytinga á lífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar og vaxtabreytinga. Áætlaði hann tímabundið örorkutjón stefnanda eins og áður, en varanlegt örorkutjón kr. 5.837.041, eða samtals kr. 6.006.924. Verðmæti lífeyris, sem stefnandi ætti rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins, áætlaði hann kr. 1.042.927.

Stefnandi byggir fjárhæð þessa kröfuliðs á líkindareikningi tryggingafræðingsins, sem gerður var 26. ágúst 1973, og bendir á, að ekki eigi að koma til lækkunar á þessum lið vegna þess, hve langt sé liðið, síðan sá útreikningur var gerður, og þegar höfð sé hliðsjón af síðasta útreikningi.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Miklar líkur séu til þess, að stefnandi geti gegnt sínu fyrra starfi þrátt fyrir örkuml sín, og alveg hafi verið ótímabært að meta örorku hans, fyrr en það verði séð til hlítar. Þangað til geti örorkumat

alls ekkert sönnunargagn orðið um raunverulega skerðingu á möguleikum stefnanda til tekjuöflunar.

Lagt hefur verið fram vottorð skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra um nettótekjur stefnanda árin 1970 til 1973. Nettótekjur skattárið 1973 voru gefnar upp með fyrirvara um breytingu, þar sem endurskoðun skattframtals stefnanda var ekki lokið að fullu. Samkvæmt vottorðinu hafa nettótekjur stefnanda stöðugt farið vaxandi á nefndum árum, voru kr. 267.100 skattárið 1970, en kr. 2.987.200 skattárið 1973.

Þótt sýnt sé, að stefnandi hafi haft háar tekjur, eftir að hann varð fyrir slysinu, er ljóst, að hann hefur hlotið mjög mikla örorku, eins og í örorkumati er rakið.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð um örorku stefnanda og áætlanir tryggingafræðings um tjón hans af slysinu, þykir rétt að meta tjón hans samkvæmt þessum kröfulið kr. 4.400.000.

Um kröfulið 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin hér að framan, en að öðru leyti hefur hann lýst henni hér fyrir dómi. Kvaðst hann þá ekki hafa gengist undir lækniaðgerð, eftir að hann útskrifaðist af sjúkrahúsi, en hann biði þess að leggjast inn á Landspítalann, þar sem flytja ætti til skinn á fótum hans vegna opins sárs á vinstra fæti. Einnig þyrfti að framkvæma aðgerð á vinstri handlegg vegna sárs, sem hann hlaut þar eftir armbandsúr.

Þegar litið er til hinna miklu meiðsla, sem stefnandi varð fyrir, og afleiðinga þeirra, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 700.000.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda kr. 5.100.000 (4.400.000 + 700.000). Ber stefnda að greiða stefnanda helming þess, eða kr. 2.550.000 ásamt vöxtum eins og krafist er í stefnu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 200.000.

Bogi Nílsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp dóm þennan ásamt Aðalgeir Pálssyni rafmagnsverkfræðingi og Pétri Pálmasyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarkaupstaðar, greiði stefnanda, Pálma Geir Jónssyni, kr. 2.550.000 ásamt

7% ársvöxtum frá 13. júlí 1970 til og með 15. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1975.

Nr. 65/1974. **Sverrir Georgsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Vinnuvélum s/f og

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.**

Bifreiðar. Vátrygging. Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. mars 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt 2.000.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að stefndi Vinnuvélar s/f verði einn dæmdur til að greiða honum 5.127.337 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags. Enn fremur krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi beggja stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði til málssóknar á hendur stefnda Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómj með bréfum dómsmálaráðuneytis 17. desember 1974 og 11. desember 1975.